



*Alþingi*

*Erindi nr. P 135/2589  
komudagur 7.5.2008*

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2008

**Efni:** Umsögn um stjórnarfrumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, 524. mál.

Samtök atvinnulífsins, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva styðja eindregið að leidd skuli í lög hér á landi matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Meginatriði löggjafarinnar er að ekki er lengur greint á milli sjávarafurða, búfjárafurða og annarra matvæla heldur gilda í meginatriðum sömu kröfur um framleiðslu matvæla. Þetta tryggir jafnari samkeppnisstöðu íslenskrar matvælaframleiðslu gagnvart framleiðslu á EES svæðinu og skapar fyrirtækjum aukna möguleika til að flytja inn hráefni til framleiðslu sinnar, aukna möguleika til nýsköpunar, vöruþróunar og almennra viðskipta. Að auki greiðir löggjöfin leið heilnæmra íslenskra landbúnaðarafurða á innri markaðinn í Evrópu.

Góð reynsla er af þeim lögum sem tryggja aðgengi sjávarafurða að mörkuðum í Evrópu. Afleiðingar þess að taka ekki upp endurskoðaða matvælalöggjöf ESB yrðu sjávarútvegi mjög þungbærar og geta leitt til þess að íslenskar sjávarafurðir eigi ekki óhindrað aðgengi að mörkuðum í Evrópusambandinu og að Ísland yrði flokkað sem svo kallað þriðja ríki gagnvart ESB. Það myndi leiða til gríðarlegs óhagræðis vegna verulega aukins eftirlits við innflutning inn á evrópska efnahagssvæðið. Því fylgja tafir í kjölfar eftirlits og sýnatöku. Stór hluti útflutnings byggir á því að koma ferskri vöru til neytenda eins hratt og kostur er og því gæti þetta ógnað tilveru fyrirtækja og atvinnulífs víða um land auk þess sem tengdar greinar myndu bíða skaða af.

Matvælalöggjöfin leiðir einnig til þess að landbúnaðarafurðir frá ESB eiga greiðari aðgang að íslenskum markaði en þurfa að sjálfsögðu að uppfylla kröfur um gæði og vera lausar við sýkingar eins og lýst er í frumvarpinu og greinargerð með því. Þetta getur skapað innlendum framleiðendum búfjárafurða ný tækifæri til útflutnings afurða á markaði ESB auk þess sem innlendir framleiðendur geta með auðveldari hætti fengið hráefni til framleiðslu sinnar frá ESB en áður. Það er þó mikilvægt að hugað sé rækilega að samkeppnishæfni íslenskrar landbúnaðar- og matvælavinnslu þannig að henni verði ekki ógnað. Auk þeirrar tollverndar sem greinin mun njóta áfram er mikilvægt að gætt verði þess að fyrirtækjunum verði

ekki íþyngt meira en nauðsyn ber til með alls kyns ákvæðum um eftirlit, leyfisveitingar og refsingar. Mikilvægt er að tíminn fram að gildistöku ákvæða um búfjárafurðir verði nýttur til þess að meta áhrif þeirra breytinga sem verið er að innleiða, kynna þær fyrir atvinnugreininni og ráðast í þær úrbætur sem nauðsynlegar eru á starfsumhverfimu.

Umfjöllunin hér á eftir er þannig uppbyggð að fyrst eru gerðar almennar athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins og síðan lagðar til breytingar á einstökum greinum frumvarpsins í samræmi við þau atriði sem fram hafa komið við almennu umfjöllunina.

### **Almennar athugasemdir**

Þrátt fyrir almennan stuðning sem samtökin veita frumvarpinu er óhjákvæmilegt að gera athugasemdir við fjölmörg efnisatriði frumvarpsins sem tengjast eftirliti, gjaldtöku og fleiru. Í frumvarpinu er ekki fjallað um áhrif frumvarpsins á einstakar atvinnugreinar, þann kostnað sem þær kunna að verða fyrir og ekki síst þau áhrif sem það hefði að innleiða **ekki** matvælalöggjöf ESB. Frumvarpið líður mjög fyrir það að ekkert samráð var haft við atvinnulífið og aðra hagsmunaaðila heldur einungis sveitarfélög og dýralækna og ber frumvarpið þess sterk merki að vel hafi verið gætt að hagsmunum eftirlitsaðila en ekki hugað að þeim atriðum sem einfalda hlutina gagnvart fyrirtækjum, gera hlutina hagkvæmari og ódýrari í framkvæmd. Áhersla er lögð á það að með þeim tillögum sem felast í umsögn þessari er ekki verið að leggja til að dregið verði úr öryggi matvæla hér á landi heldur fyrst og fremst að þess verði gætt að framkvæmdin verði eins einföld og hagkvæm og frekast er unnt og að ekki verði lögð á fyrirtækin íþyngjandi ákvæði umfram það sem á við um sambærilega starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu..

Matvælalöggjöfin byggir á nokkrum reglugerðum en hér verður einkum tekið mið af þeim sem fjalla um eftirlit (854/2004/EB og 882/2004/EB) annars vegar um eftirlit með matvælum, fóðri og heilbrigði dýra og hins vegar um eftirlit með dýraafurðum til neyslu. Þar sem um er að ræða reglugerðir ber íslenskum stjórnvöldum að lögfesta þær sem slíkar, þ.e. óbreyttar sem lög eða stjórnvaldsreglur. Því er það bagalegt að mikilvæg atriði í frumvarpinu stangast á við reglugerðir ESB og annars staðar ekki fjallað um nauðsynlegar breytingar sem gera þarf á viðteknum venjum hér á landi til að uppfylla þær skyldur sem reglugerðirnar fela í sér.

Matvælalöggjöf ESB sem tekur bæði til matvælna sjálfra og fóðurs og fjallar eins og áður segir um allt ferli framleiðslu og dreifingu þar til komið er að neytandanum. Löggjöfin byggir á því að greina áhættu og áhættustjórnun sem felst í því að skilgreina áhættuþætti, meta áhrif áhættuþátta, áhættustýringu og miðlun upplýsinga um áhættuna. Áhættustýringunni fylgir því að meta hvaða leiðir eru best fallnar til að draga úr áhættunni og hafa eftirlit með henni og nauðsynlegt að frumvarpið endurspegli þessar áherslur.

Með endurskoðun matvælalöggjafarinnar er mikilvægt að endurskoða ákvæði um málsmeðferð og úrskurði stjórnvalda og kærunefnda. Nauðsynlegt er að samræmdar málsmeðferðarreglur gildi við framkvæmd matvælalöggjafarinnar. Viðurlög á atvinnufyrirtæki samkvæmt frumvarpinu geta verið mjög íþyngjandi en leggja verður áherslu á að allar ákvarðanir stjórnvalda og úrskurðir séu teknar með eins skjóttum og öruggum hætti eins og kostur er.

### **Opinbert eftirlit**

Grunnþáttur í eftirlitskerfmu er að eftirlitsaðilar séu óhlutdrægir og að engir hagsmunaárekstrar eigi sér stað að því er varðar framkvæmd eftirlitsins (882/2004). Dregið er verulega í efa að heilbrigðisnefndir

sveitarfélaga standist þessar kröfur sem gerðar eru til eftirlitsaðila. Bæði er að sveitarfélögin reka umfangsmikla starfsemi sem tekur til meðhöndlunar og dreifingar á matvælum auk þess að eiga mikil viðskipti við matvælafyrirtæki. Engin leið er heldur að sjá fyrir alla hagsmunaárekstra sem skapast geta vegna einstakra fulltrúa í heilbrigðisnefndum. Matvælastofnun hefur ekkert boðvald yfir heilbrigðisnefndum og enga möguleika til að tryggja að þær fari að tilmælum eða ábendingum. Matvælastofnun sem lögbært yfirvald hefur ekki möguleika til að sjá til þess að aðstaða heilbrigðisnefndanna sé eins og krafist er né að tryggja að ekki skapist hagsmunaárekstrar milli þeirra sem eftirliti eiga að sinna og þeirra sem undir það eru settir. Heilbrigðisnefndirnar eru sjálfstæðar og lúta ekki boðvaldi neins utanaðkomandi. Í raun starfa þær sem 10 sjálfstæðar einingar og reynslan hefur sýnt að það er mjög misjafnt hvernig eftirliti er sinnt. Sem dæmi má nefna að nefndunum er í sjálfsveld sett hvort þær taki þátt í einstökum verkefnum sem Umhverfisstofnun hefur sett af stað og hafa átt að ná til alls landsins. Auk þess verða heilbrigðisnefndirnar að annast eftirlit með umfangsmikilli starfsemi sveitarfélaganna á ábyrgð þeirra sjálfrá en frumvarpið gerir ráð fyrir því að faggiltar skoðunarstofur geti ekki einu sinni verið í beinu samningssambandi við fyrirtæki vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra.

Það er því afar mikilvægt að skipulagi heilbrigðiseftirlitsins verði breytt og það losað undan sveitarfélögunum. Skrifstofur heilbrigðiseftirlits geta starfað eins og áður, aflað sér faggildingar og fengið umboð sitt með samningum við Matvælastofnun á sama hátt og aðrar faggiltar skoðunarstofur. Það gæti leitt til sameiningar skrifstofa, aukins hvata til hagræðingar í rekstri og aðhalds að gjaldskrár þeirra og auk þess tryggt samræmt eftirlit um allt land. Í tillögum þeim sem hér fara á eftir er lagt til að faggiltar skoðunarstofur geti annast eftirlit með matvælafyrirtækjum almennt undir yfirumsjón Matvælastofnunar á sama hátt og gilt hefur í sjávarútvegi um hríð.

### **Eðli eftirlits**

Samkvæmt matvælalöggjöf ESB er það framleiðandi sem ber ábyrgð á því að matvæli séu örugg til neyslu. Það er framleiðandinn sem getur tryggt að ytri og innri búnaður, framleiðslutæki, fræðsla starfsfólks, gæðakerfi, innra eftirlit og önnur stjórnæki séu þannig að öryggi matvæla sé tryggt eins og frekast er unnt og dregið úr líkum á því að óvænt atvik komi upp sem stefnt geti öryggi matvæla á hættu. Ekkert opinbert eftirlit getur tryggt þetta. Jafnvel þótt eftirlitsmaðurinn sé nýbúinn að koma og skoða hlutina í krók og kring getur hann ekki tryggt að vélar, tæki og tól hafi verið nægilega hreinsuð áður en framleiðsla næsta dags hefst. Íslenska matvælalöggjöfin hefur um of byggst upp á trúnni á gildi opinbers eftirlits og hefur enda tekið litlum breytingum um langa hríð. Hér er ekki verið að hvetja til þess að opinbert eftirlit verði lagt niður það er afar mikilvægt til að veita fyrirtækjum aðhald, tryggja að vinnuferlar og gæðakerfi fyrirtækjanna starfi eins og til er ætlast og að fyrirtækin beiti kerfisbundnum aðferðum til að draga úr áhættu fyrir viðskiptavini sína og neytendur.

Samkvæmt reglugerð ESB (882/2004) á opinberu eftirliti að vera sinnt reglulega og nægilega oft, byggjast á áhættumati og taka tillit til þekkrar hættu, skráðra heimilda um stjórnendur fyrirtækjanna um hvort þeir hafi farið að lögum og reglum, áreiðanleika innra eftirlits og upplýsinga sem geta bent til þess að ekki sé farið að reglum. Í reglugerð (854/2004) er að finna sambærileg ákvæði um að úttektir í einstökum starfsstöðvum skuli miðast við metna áhættu og mati á hvort lýðheilsu og heilbrigði dýra sé hætta búin, mati á velferð dýra í sláturhúsum, mati á framleiðsluferli og afköstum og mati á því hvort stjórnandi hafið farið að lögum til þessa. Samkvæmt þessu er unnt að draga úr opinberu eftirliti hjá fyrirtækjum sem standa sig vel, þar sem innra eftirlit er í góðu lagi og áhætta lítil. Þessi ákvæði vantar að mestu í frumvarpið. Þótt um langa hríð hafi verið heimild í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að

draga megi úr eftirliti með fyrirtækjum sem reka innra eftirlitskerfi eru engin dæmi um að heilbrigðisnefndir hafi samþykkt slíka ráðstöfun.

### **Tilkynningaskylda í stað starfsleyfa**

Í reglugerðum ESB (882/2004 og 852/2004) er gert ráð fyrir að starfstöðvar fyrirtækja séu skráðar af lögbæru yfirvaldi eftir að fyrirtækin hafa tilkynnt um starfsemi sína og hlotið samþykki. Mikilvægt er í þessu samhengi að til séu gátlistar, skoðunarhandbækur, ásamt viðmiðum um innra eftirlit, sýnatökur og fleira sem unnt er að taka mið af þegar nýjar starfstöðvar eru hannaðar eða eldri breytt. Þegar fyrirtæki hefur óskað skráningar og að lokinni jákvæðri úttekt veitir eftirlitsaðili samþykki sitt annað hvort tímabundið með kröfum um ákveðnar úrbætur eða án tímamarka. Samþykkið kemur svo til endurskoðunar við reglubundið eftirlit þar sem gerðar eru kröfur um úrbætur eftir aðstæðum hverju sinni. Starfsleyfiskerfi eins og það sem tíðkast hér með tímabundnum starfsleyfum þar sem fyrirtækin þurfa að sækja um ný starfsleyfi samræmist ekki reglugerðum ESB þar sem ekki er gert ráð fyrir öðru en að fyrirtækin geti starfað óhindrað svo lengi sem ákvæði laga og reglna eru uppfyllt. Ekki er gert ráð fyrir í reglugerð ESB að fyrirtæki þurfi að tilkynna um breytingar á starfseminni eða skila inn jafn ítarlegum upplýsingum og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ekki er heldur um það að ræða að unnt sé að hafna því að veita starfsleyfi matvælafyrirtæki sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru. Ýmis matvælafyrirtæki þurfa starfsleyfi samkvæmt öðrum lögum og á það til dæmis við um þau sem vinna úr aukaafurðum dýra og er það óviðunandi að verið sé að binda þessa starfsemi starfsleyfum margra stofnana og gera núgildandi ákvæði strangari en þau eru nú og þar með skekkja ennfrekar samkeppnisstöðu þeirra. Veitingahús þurfa einnig starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### **Gjaldskrár**

Löng reynsla er fyrir þróun gjaldskráa fyrir eftirlit hér á landi og byggjast lagaákvæði almennt á því nú orðið að óheimilt er að innheimta hærra gjald en raunkostnað við veitta þjónustu. Það kemur hins vegar sífellt betur í ljós að ekkert kemur í veg fyrir það að eftirlitsaðilar auki við kostnað sinn, lengi undirbúningstíma, lengi þann tíma sem fer í skoðanir, lengi tíma við skýrslugerð og bæti við fólki og aðstöðu eins og eftirlitsaðila þykir henta. Nefna má að í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (7/1998) er ákvæði sem heimilar að við gjaldtöku sé tekið mið af innra eftirliti fyrirtækja. Þannig ættu fyrirtæki sem reka öflugt innra eftirlit að geta notið þess með því að dregið sé úr opinberu eftirliti. Þrátt fyrir að þetta ákvæði hafi verið lengi í lögum hefur því aldrei verið beitt og þótt einstök fyrirtæki, sem t.d. reka vottað ISO gæðakerfi, hafi sótt um lækkun eftirlitsgjalda hafa eftirlitsaðilar aldrei samþykkt það. Mjög mikil tortryggni ríkir gagnvart þeim ríku gjaldtökuheimildum sem felast í frumvarpinu sem til umfjöllunar er enda eru þær víðtækari en gert er ráð fyrir í reglugerðum ESB. Æskilegt er að fela faggiltum skoðunarstofum eins mikið af eftirlitinu og frekast er unnt þar sem unnt er að meta hagkvæmni í rekstri og gjald við eftirlit, sem einn, en mikilvægan þátt við samningsgerð við einstakar skoðunarstofur. Það er óviðunandi innheimtuaðferð að starfsleyfi verði fellt úr gildi við greiðslufall eftirlitsgjalda eða að eftirlitsaðilar eigi að leggja einhvers konar mat á greiðsluhæfi fyrirtækjanna.

Í reglugerð ESB (882/2004) er lögð sú skylda á aðildarríki við ákvörðun gjalda að taka tillit til hvers konar fyrirtæki um er að ræða og áhættuþátta, hagsmuni lítilla framleiðenda, hefðbundinna aðferða við framleiðslu og þarfa fyrirtækja í dreifðum byggðum. Ekki þarf að orðlengja um að hér á landi eru allar starfsstöðvar litlar í þessu samhengi og töluverður hluti fjarri stærstu markaðssvæðum. Liður í því að tryggja samkeppnisstöðu atvinnugreinarinnar er því að gæta þess að gjaldtöku fyrir eftirlit sé stillt í hóf

eins og kostur er. Ekki er minnst á kostnað vegna bókhalds- og verkskráningarkerfis í reglugerðum ESB og skýrt er tekið fram að gjaldtökuheimildin nái einungis til starfsfólks sem vinnur við opinbert eftirlit og er mikilvægt að túlka gjaldtökuákvæðin þröngt. Það er alveg óásættanlegt að heilbrigðisnefndum verði áfram falið sjálfðæmi um þann eftirlitskostnað sem þau leggja á fyrirtækin og að þær geti án nokkurs aðhalds blandað saman rekstri og ráðgjöf fyrir sveitarfélögin við eftirlitskostnað á annað atvinnulíf.

### **Hlutverk fyrirtækja við slátrun. Eftirlitssjóður**

Í reglugerð ESB (854/2004) er gert ráð fyrir því að tiltekinn sveigjanleiki geti gilt varðandi slátrun á dýrum þar sem starfsmenn slátruhúsa geta tekið yfir tiltekin verkefni sem að öðrum kosti væru unnin af dýralæknum eða aðstoðarmönnum eftirlitsaðila. Mikilvægt er að sá sveigjanleiki verði nýttur svo sem frekast er unnt og kostnaði við eftirlit í slátruhúsum stillt í hóf. Það hefur á undanförunum árum reynst afar erfitt að fá upplýsingar um afkomu eftirlitssjóðs sem nú er í vörslu Matvælastofnunar en var áður undir landbúnaðarráðuneytinu. Ríkt hefur mikil óánægja með það kílóagjald sem greitt hefur verið og talið að sumar kjötgreinir hafi greitt langt umfram þann raunkostnað sem fallið hefur til vegna eftirlits í viðkomandi grein. Engin ákvæði eru í frumvarpinu um að leggja skuli fram lokauppgjör þessa opinbera eftirlitssjóðs heldur virðist ætlunin að afhenda Matvælastofnun sjóðinn.

### **Skoðunarstofur og hlutverk þeirra**

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/1998 um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem fela í sér að lög um matvæli nr. 93/1995 muni gilda um þau matvælafyrirtæki sem falla undir fyrrnefndu lögum. Jafnframt er felld niður skylda matvælafyrirtækja sjávarafurða að hafa samning við faggilta skoðunarstofu og falla allir slíkir samningar úr gildi við gildistöku nýrra laga að óbreyttu. Það verður ekki ljóst af lestri frumvarpsins hvort ætlunin er að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga annist eftirlit með sjávarafurðum hver í sínu umdæmi eða hvort Matvælastofnun ætlar að annast eftirlitið sjálf. Í frumvarpinu er ekki að finna skýr ákvæði um þetta en ráða má af IX. kafla í almennri greinargerð með frumvarpinu að Matvælastofnun muni sinna þessu eftirliti. Eins og áður hefur verið bent á er áreiðanlega minni hættá á hagsmunaaðrekstrum þótt sjávarútvegsfyrirtæki semji beint við þá skoðunarstofu sem best þykir henta í hverju tilviki en þeim að fela sveitarfélögunum eftirlit með eigin rekstri. Þá má gjarnan hafa í huga að sveitarfélögin stunda rekstur sem oft er í samkeppni við almennt atvinnulíf og þessi aðstaða skapar sveitarfélögunum óviðunandi forskot á aðra. Þess vegna er eindregið lagt til að óbreytt fyrirkomulag skuli gilda áfram um samninga sjávarútvegsfyrirtækja við skoðunarstofur. Jafnframt er lagt til að faggiltar skoðunarstofur geti tekið að sér eftirlit með öðrum matvælafyrirtækjum á sama hátt. Matvælastofnun ein og sér er óhæf til að taka ákvörðun um að nýta faggiltar skoðunarstofur til eftirlits vegna þess að þröngir rekstrarhagsmunir stofnunarinnar geta þá ráðið för. Í sjávarútvegi hefur nú skapast löng reynsla af þjónustu skoðunarstofa og er nauðsynlegt að fyrirtækin geti áfram samið beint við þær. Það tryggir virkt aðhald að gjaldtöku skoðunarstofanna en Matvælastofnun hefur eftir sem áður umsjón með því að skoðunarstofurnar fari að lögum og reglum og getur ef nauðsyn krefur gripið til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru ef út af bregður. Ekki er unnt að sjá neitt í reglugerðum ESB sem bannar fyrirkomulag eins og það sem hér hefur verið viðhaft.

### **Breytingatillögur við einstakar greinar frumvarpsins**

*i) Faggiltar skoðunarstofur fái almennt hlutverk sem eftirlitsaðilar skv. lögum um matvæli:*

1.tl. 3.gr. frv. orðist svo:

Eftirlitsaðilar eru Matvælastofnun, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og faggiltar skoðunarstofur í samræmi

við 6. og 20. gr. Um faggiltar skoðunarstofur gilda skilyrði 16. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

*ii) Breyting verði á 4. gr. frv í samræmi við tillögu i):*

Síðasti ml. c. liðar orðist svo:

Í samræmi við þetta gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur sem heilbrigðisnefndum og faggiltum skoðunarstofum ber að fylgja.

*iii) Tekin verði upp tilkynningaskylda í stað starfsleyfa:*

6. gr. frumvarpsins orðist svo:

9. gr. laganna orðist svo:

Matvælafyrirtæki skulu tilkynna viðkomandi eftirlitsaðila, sbr. 20. gr. áður en starfsemi hefst. Eftirlitsaðili tekur út starfsemina og veitir samþykki sitt enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvaldsreglna sem um hana gilda.

Eftirlitsaðili getur veitt starfseminni skilyrt samþykki til þriggja mánaða ef starfsemin uppfyllir að stofni til kröfur um búnað og aðstöðu og má framlengja skilyrt samþykki til allt að sex mánaða.

*iv) Fyrirtæki geti samið við faggiltar skoðunarstofur:*

Við frumvarpið bætist ný 7. gr. a sem orðist svo:

Við löggin bætist ný 9. gr. a sem orðist svo:

Matvælafyrirtæki geta gert samning við faggiltar skoðunarstofur sem hlotið hafa samþykki

Matvælastofnunar sem eftirlitsaðilar. Faggilta skoðunarstofan og matvælafyrirtækið skulu tilkynna

Matvælastofnun um slíka samninga og fellur þá niður beint eftirlit annarra eftirlitsaðila með viðkomandi matvælafyrirtæki. Að öðru leyti gildir það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í 16. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

*v) Breyting til samræmis við tillögur hér að ofan:*

12. gr. orðist svo:

1. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsla og dreifing matvæla er háð samþykki eftirlitsaðila skv. 9. gr. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir opinberu eftirliti Matvælastofnunar skv. 6. gr. er samþykki í höndum þeirrar stofnunar.

*vi) Opinbert eftirlit taki mið af ákvæðum reglugerða ESB:*

Við frumvarpið bætist ný gr. 12. a. sem orðist svo:

Við 22. gr. laganna bætist ný 2. mgr. sem orðast svo:

Opinbert eftirlit, tíðni þess og umfang skal byggja á áhættumati og taka tillit til þekktrar hættu í starfsemi matvælafyrirtækisins, sögu fyrirtækisins og stjórnenda, áreiðanleika innra eftirlits og upplýsinga sem benda til að ekki sé farið að lögum og reglum.

*vii) Styrkja hlutverk faggiltra skoðunarstofa við allt eftirlit:*

13. gr. orðist svo:

23. gr. laganna orðist svo:

Matvælastofnun skal svo sem frekast er unnt fela aðilum sem hlotið hafa faggildingum samkvæmt lögum um faggildingum o.fl. að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá

vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara.

Þá er ráðherra heimilt að ákveða að tilteknar rannsóknastofur skuli vera tilvísunarrannsóknastofur.

viii) *Samræming á orðalagi:*

14. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Matvælaframleiðendum og dreifendum“ í 1. mgr. kemur: Matvælafyrirtækjum.
- b. Í stað orðanna „Eftirlitsaðilar og þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim“ í 3. mgr. kemur:

Eftirlitsaðilar og matvælafyrirtæki.

ix) *Orðalag um gjaldtöku verði ekki rýmra en í reglugerðum ESB, skylda að taka tillit til aðstæðna og áhættu, gengistryggt lágmarksgjald falli niður og greiðslufall verði ekki starfsleyfissviptingu:*

15. gr. orðist svo:

25. gr. laganna orðast svo:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarpáttum við matvælaeftirlitið:

- a. launum starfsfólks sem vinnur við opinbert eftirlit,
- b. kostnaði starfsfólks sem vinnur við opinbert eftirlit, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Eftirlitsaðili framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með matvælum þegar tiltekin starfsemi matvælafyrirtækis eða matvæli eru ekki talin uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis matvæla vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber matvælafyrirtæki. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir eða vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits og gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Sveitarfélögum er heimilt að gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda vegna matvælaeftirlits skv. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ráðherra skal afla umsagnar hagsmunaaðila og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal ráðherra taka tillit til eftirfarandi atriða:

- a. hvers konar framleiðslu um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
- b. hagsmuna framleiðanda með litla framleiðslu,
- c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
- d. þarfa framleiðenda á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi eftirlitsaðila.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar. Eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

x) *Breyting á orðalagi til samræmingar:*

Breyting verði á 21. gr. a.

2. mgr. 30. gr. orðist svo:

Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem starfar án samþykkis eða skilyrts samþykkis eftirlitsaðila.

xi) *Ráðherra afli umsagna hagsmunaaðila við setningu reglugerða:*

Við 2. mgr. 26. gr. bætist einn málslíður sem orðist svo:

Ráðherra skal leita umsagnar samtaka matvælafyrirtækja áður en reglugerðir skv. þessari mgr. eru settar.

xii) *Tilkynningaskylda í stað starfsleyfa:*

31. gr. orðist svo:

13. gr. laganna orðast svo:

Aukaafurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra skulu tilkynna Matvælastofnun um það áður en starfsemin hefst. Stjórnendur vinnslu-, geymslu-, lífgas- og myltingarstöðva, svo og stöðva fyrir milliefni og líffituefni, sem ætlað er að vinna aukaafurðir úr dýrum, þ.m.t. stöðvar sem annast vinnslu úrgangs úr sjávar- og eldisafurðum, skulu tilkynna Matvælastofnun um starfsemina.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis, svo sem meðferð slíkra aukaafurða, flokkun og tilkynningaskyldu vegna þeirra, sbr. 29. gr. a.

xiii) *Orðalag um gjaldtöku verði í samræmi við reglugerð ESB, skylt verði að taka tillit til aðstæðna fyrirtækja og áhættu, gengistryggt lágmarksgjald falli niður og greiðslufall verði ekki starfsleyfismissi:*

41. gr. orðist svo:

11. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum sláturdýrum áður en slátrað er. Skoðunina skal framkvæma innan 24 klukkustunda frá komu í sláturhús og innan 24 klukkustunda fyrir slátrun. Þá skal heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum fara fram í sláturhúsinu áður en frekari vinnsla fer fram eða þær eru afhentar til dreifingar. Að skoðun lokinni skal merkja allar sláturafurðirnar samkvæmt reglugerð er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum Matvælastofnunar.

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu sláturleyfishafar greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

- a. launum starfsfólks sem vinnur við opinbert eftirlit,
- b. kostnaði starfsfólks sem vinnur við opinbert eftirlit, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með sláturafurðum og sláturdýrum þegar tiltekin starfsemi eða afurðir sláturleyfishafa eða framleiðanda eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis sláturafurða vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber sláturleyfishafi eða framleiðandi, eftir því hvaða starfsemi sætir viðbótareftirliti. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að sláturafurðir hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits og gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Ráðherra skal kynna Landssamtökum sláturleyfishafa og Bændasamtökum Íslands efni og forsendur reglugerðar og gjaldskrár



með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og óska eftir umsögnum þeirra. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra. Miða skal við að gjaldskrá verði gefin út með eins árs millibili og taki mið af rekstraruppgjöri heilbrigðiseftirlits fyrir heilt rekstrarár.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal ráðherra taka tillit til:

- a. hvers konar slátrun er um að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
- b. hagsmuna sláturleyfishafa með litla framleiðslu,
- c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
- d. þarfa sláturleyfishafa á svæðum sem líða fyrir tiltekna landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi eftirlitsaðila. Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Einnig er heimilt að taka gjald vegna raunkostnaðar við sýnatöku og rannsóknir á sláturdýrum og afurðum sem slátrað er með heimild í 4. mgr. 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærostöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

*xiv) Tilkynningaskylda í stað starfsleyfa:*

Við frumvarpið bætist ný gr. 50. a. sem orðist svo:

14. gr. orðist svo:

Allar vinnlustöðvar, þar með talin vinnsluskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skulu hafa tölusett samþykki til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum. Sama gildir um fiskmjölsverksmiðjur og stöðvar þar sem slátrun, vinnsla eða þökkun hafbeitar-, vatna- og eldisfisks fer fram. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um búnað vinnlustöðva þar sem slátrun á eldisfiski fer fram og um eftirlit með slátrun á eldisfiski.

Fiskiskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, önnur en vinnsluskip, svo og fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafra í heildsölu, skulu hafa samþykki.

Matvælastofnun veitir samþykki samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, hönnun og búnað, sbr. 15. gr. ef við á. Samþykki má binda vinnslu tilgreindra afurða.

Óheimilt er að veiða, vinna eða geyma sjávarafurðir án samþykkis Matvælastofnunar.

Matvælastofnun heldur skrá yfir þá er samþykki hafa hlotið og skal senda til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra erlendra eftirlitsaðila sem þess óska.

Ráðherra getur sett nánari reglur um samþykki og skráningu þeirra.

*xv) Hlutverk faggiltra skoðunarstofa verði óbreytt:*

b. liður 50. gr. frv. falli brott

*xvi) Hlutverk faggiltra skoðunarstofa verði óbreytt:*

a. liður 52. gr. frv. falli brott.

*xvii) Tilkynningaskylda í stað starfsleyfa:*

Við frumvarpið bætist ný 57. gr. a. sem orðist svo:

30. gr. orðist svo:

Uppfylli aðili sem hlotið hefur samþykki ekki ákvæði II. kafla, 15. gr. um innra eftirlit og 16. gr. er Matvælastofnun heimilt að afturkalla samþykkið og jafnframt að loka viðkomandi fyrirtæki með innsigli. Fá skip ekki samþykki, sbr. 14. gr., eða sé svipt því er Matvælastofnun heimilt að svipta það veiðileyfi.

Áður en til sviptingar kemur skv. 1. mgr. skal gefa viðkomandi kost á að skýra mál sitt og veita honum sanngjarnan frest til úrbóta.

Veiti aðili sem hlotið hefur samþykki Matvælastofnunar eða skoðunarstofu ekki nauðsynlegar upplýsingar eða aðstoð við framkvæmd eftirlits eða skoðun, sbr. 17. gr., getur Matvælastofnun afturkallað samþykkið.

*xviii) Gjaldtökuheimildir vegna starfsleyfa felldar niður:*

58. gr. a. liður frumvarpsins orðist svo:

1. mgr. orðist svo: Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni þessara laga.

*xix) Orðalag um gjaldtöku verði í samræmi við reglugerð ESB, skylt verði að taka tillit til aðstæðna fyrirtækja og áhættu, gengistryggt lágmarksgjald falli niður og greiðslufall varði ekki starfsleyfismissi:*

59. gr. frumvarpsins orðist svo:

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein, 31. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu framleiðendur greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlit til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

- a. launum starfsfólks sem vinnur við opinbert eftirlit,
- b. kostnaði starfsfólks sem vinnur við opinbert eftirlit, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Eftirlitsaðili framkvæmir viðbótareftirlit með sjávarafurðum, eldisafurðum og aukaafurðum þegar tiltekin starfsemi og afurðir eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis afurða vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber framleiðandi eftir því hvaða starfsemi sætir viðbótareftirliti. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits Matvælastofnunar og faggiltra eftirlitsaðila og gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar.

Ráðherra skal kynna hagsmunaaðilum efni og forsendur reglugerðar og gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og óska eftir umsögnum þeirra. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra. Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal ráðherra taka tillit til:

- a. hvers konar starfsemi er um að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
- b. hagsmuna framleiðenda með litla framleiðslu,
- c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
- d. þarfa framleiðenda á svæðum sem líða fyrir tiltekna landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi eftirlitsaðila.

Innheimta má eftirlitsgjald með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar. Eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Einnig er heimilt að taka gjald vegna raunkostnaðar við sýnatöku og rannsóknir af afurðum.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlit sem Matvælastofnun felur faggiltum skoðunarstofum að framkvæma samkvæmt lögum þessum, sbr. 16. gr.

*xx) Faggiltar skoðunarstofur geti annast eftirlit með fóðri o.fl.:*

1. tl. 61. gr. orðist svo:

Eftirlitsaðilar eru Matvælastofnun og faggiltar skoðunarstofur. Um faggiltar skoðunarstofur gilda skilyrði 16. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða

*xxi) Tilkynningaskylda í stað starfsleyfa:*

63. gr. frumvarpsins orðist svo:

Fóður-, áburðar- eða sáðvöruvyrirtæki skulu tilkynna eftirlitsaðila um starfsemi sína áður en starfsemi hefst. Óheimilt er að skrá fóður-, áburðar- eða sáðvöruvyrirtæki sem ekki sýna fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um.

Fóðurfyrirtæki sem nota aukefni eða forblöndur í fóðurvörur eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra skulu tilkynna viðkomandi eftirlitsaðila áður en starfsemi hefst. Eftirlitsaðili tekur út starfseminu og veitir samþykki sitt enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvaldsreglna sem um hana gilda.

Eftirlitsaðili getur veitt starfseminni skilyrt samþykki til þriggja mánaða ef starfsemin uppfyllir að stofni til kröfur um búnað og aðstöðu og má framlengja skilyrt samþykki til allt að sex mánaða.

*xxii) Orðalagsbreyting:*

66. gr. frumvarpsins orðist svo:

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Skráningarskylda, eftirlit og reglugerðarheimild.**

*xxiii) Orðalag um gjaldtöku verði í samræmi við reglugerð ESB, skylt verði að taka tillit til aðstæðna fyrirtækja og áhættu, gengstryggt lágmarksgjald falli niður og greiðslufall varði ekki starfsleyfismissi:*

68. gr. frumvarpsins orðist svo:

8. gr. laganna orðast svo:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu fóður-, áburðar- og sáðvöruvyrirtæki greiða eftirlitgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlit með fóðri, áburði eða sáðvöru:

- a. launum starfsfólks vinnur við opinbert eftirlit,
- b. kostnaði starfsfólks sem vinnur við opinbert eftirlit, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Eftirlitsaðili framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með vöru þegar tiltekin starfsemi eða vara fyrirtækis er ekki talin uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis vara vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber fóður-, áburðar- eða sáðvöruvyrirtæki. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir eða vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits og gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum eftirlitsaðila. Ráðherra skal afla umsagnar hagsmunaaðila og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra. Miða skal við að gjaldskrá verði gefin út með eins árs millibili og taki mið af rekstraruppgjöri eftirlitsins fyrir heilt rekstrarár.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár er ráðherra heimilt að taka tillit til:

- a. hvers konar framleiðslu um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
- b. hagsmuna framleiðanda með litla framleiðslu,
- c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu
- d. þarfa framleiðenda á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi eftirlitsaðila. Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar. Eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Þá getur eftirlitsaðili afturkallað starfsleyfi fíðurfyrirtækis skv. 4. gr. hafi það verulega vanefnt greiðslu eftirlitsgjalds eða ef það er ekki greiðslufært.

xxiv) *Gjaldtökuheimild vegna starfsleyfa falli niður:*

69. gr. frumvarpsins falli niður.

xxv) *Tilkynningar í stað starfsleyfis:*

Í 71. gr. frumvarpsins orðist síðari ml. 1. mgr. a. (9. gr.) svo:

Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem starfar án samþykkis eða hefur ekki sinnt tilkynningarskyldu skv. 4. gr.

#### **Að lokum**

Þótt þær breytingar sem hér eru lagðar til kunni að virðast viðamiklar eru þær í raun einfaldar og felast einkum í því að lagt er til að tilkynningarskylda komi í stað starfsleyfa, að gjaldtökuheimildir verði ekki rýmri en gert er ráð fyrir í reglugerðum ESB og að útvíkka starfsheimildir skoðunarstofa.

Faggiltar skoðunarstofur hafa um árabil haft reglulegt eftirlit með sjávarútvegsfyrirtækjum samkvæmt samningum þar um. Engin ástæða er til að ætla annað en að sama fyrirkomulag muni reynast vel þegar kemur að eftirliti með öðrum matvælafyrirtækjum. Þetta getur skapað aðhald að úþpenslu opinbers eftirlits og sífellt aukinnar gjaldtöku án þess að stefna öryggi matvæla að nokkru í hættu.

Virðingarfyllt,

Vilhjálmur Egilsson  
framkvæmdastjóri  
Samtaka atvinnulífsins

Friðrik J. Arngrímsson  
framkvæmdastjóri  
Landssambands íslenskra útvegsmanna

Arnar Sigurmundsson  
formaður  
Samtaka fiskvinnslustöðva